

Ed.

391. Frumvarp til laga

[201. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. mars 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi skattalögum eru þau ákvæði, að 50% af launatekjum eiginkonu skuli frádráttarbær til tekjuskatts. Þetta gildir þó ekki um eiginkonur bænda, þó að þær vinni mikið starf við búreksturinn, séu útivinnandi konur að miklum hluta. Þær eru settar í sama flokk og eiginkonur atvinnurekenda almennt, þ. e. að frádráttur þeirra fer ekki upp fyrir $\frac{1}{4}$ af persónufrádrætti hjónanna.

Við flm. álitum hiklaust, að um erfiða og annasama vinnu eiginkvenna bænda eigi að gilda rýmri og réttlátari reglur um skattafrádrátt.

Ýmislegt veldur þessu ranglæti, þótt vitað sé, að í mörgum tilfellum er vinnuframlag hjónanna við búreksturinn ærið svipað. M. a. veldur þessu furðulegur útreikningur á vinnustundafjölda eiginkvenna bænda í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvæðinga, sem aðeins er 600 vinnustundir á ári, og þær vinnustundir eru auk þess reiknaðar á mjög lágu kaupaxta. Einnig hefur þótt erfitt að fastákveða vinnuframlag bændakonunnar, enda misjafnt að vísu, og eins hafa menn óttast, að frelsi til framtals í þessum efnum gæti leitt til misnotkunar á þann veg, að óeðlilegur hluti af tekjum búans yrði talinn fram til tekna eiginkonunnar.

Mismununin samanborið við aðrar útivinnandi konur er þó sú, að ekki verður við unað. 600 stunda viðmiðunin er alger fjarstæða, enda leggja flestar bændakonur fram gífurlegan fjölda vinnustunda við sjálfan búreksturinn. Aðalreglan er bundin við frádrátt, sem er miðaður við $\frac{1}{4}$ af persónufrádrætti hjóna, en þó munu á gerðar undantekningar af skattayfirvöldum, ef bóndinn vinnur mikið utan heimilis, svo að konan þarf að annast búrekstur að miklu eða mestu leyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lágmarksfrádráttur til skatts vegna vinnu eiginkonu við búrekstur nemi helmingi af persónufrádrætti hjóna. Á það skal þó lögð áhersla af okkur flm., að hér er um lágmark að ræða, en gagnvart búrekstrinum álitum við að bæði hjónin skuli jafnréttá, þannig að frádráttur konu bóndans, vegna sannanlega framtalinna vinnustunda verði hærri, ef tekjur hennar af búrekstrinum eru meiri en nemur hálfum persónufrádrætti hjónanna. Sú upphæð skal þá vitanlega gilda. Aðalatriðið er, að ákveðið lágmark frádráttar sé lögfest og verði a. m. k. helmingi herra en hámarkið er í flestum tilfellum í dag.

Þessi réttarbót til eiginkvenna bænda, sem leggja á sig margar og erfiðar vinnustundir við búreksturinn, á því fyllsta rétt á sér umfram aðrar atvinnugreinar, og því er frumvarpið flutt.

Sjálfsgagt þykir okkur flm. hins vegar, að þetta ákvæði sé háð því, að eiginkona bóndans gegni ekki öðrum launuðum störfum, enda eru 50% launa hennar þá frádráttarbær.